

GJALDSKRÁ

fyrir búfjárefirlit í Sveitarfélaginu Ölfusi.

1. gr.

Gjald skal taka sérstaklega komi til haustskoðunar, sbr. 11. gr. og 12. gr. laga um búfjárefirlit o.fl. nr. 103/2002, og skal miðað við að það sé heildargjald. Gjald fyrir hverja skoðun er kr. 8.500 með virðisaukaskatti. Vinna og akstur er innifalið.

2. gr.

Eftirlitsgjald, sbr. 15. og 16. gr. laga um búfjárefirlit o.fl. nr. 103/2002, skal vera kr. 8.500 með virðisaukaskatti fyrir hverja heimsókn. Vinna og akstur er innifalið.

3. gr.

Komi til þess að grípa þurfi til handsömunar, fóðrunar og hýsingar búfjár, sbr. ákvæði 4. mgr. 10. gr. laga um búfjárefirlit o.fl. nr. 103/2002, skal búfjáreigandi greiða gjald sem nemur útlögðum kostnaði sveitarfélagsins í hvert sinn.

4. gr.

Þurfi að leita dómsúrskurðar til að tryggja eftirlitsaðilum aðgang að gripahúsum, sbr. 15. gr. laga um búfjárefirlit o.fl. nr. 103/2002, skal hlutaðeigandi umráðamaður búfjár greiða gjald sem nemur útlögðum kostnaði sveitarfélagsins í hverju úrskurðarmáli.

5. gr.

Gjald skv. 1. og 2. gr. þessarar gjaldskrár uppfærist til samræmis við breytingu á vísitölu neysluverðs án húsnæðis miðað við 1. nóvember hvert ár.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002 og tekur þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 15. júní 2011.

F. h. r.

Óskar Páll Óskarsson.

Ása Þórhildur Þórðardóttir.